

**Ed.**

**170. Nefndarálit**

[107. mál]

um frv. til laga um manntal 31. janúar 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem flutt er á sérstöku þingskjali. Við umfjöllun málsins fékk nefndin hagstofustjóra til viðræðna og veitti hann nefndinni margháttaðar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd allsherjarmanntalsins í lok janúar n. k.

Fram kom í viðræðum við hagstofustjóra, eins og raunar kemur fram í greinargerð frumvarpsins, að náð samráð hefur verið haft við ýmsa þá aðila sem hér eiga mikilla hagsmuna að gæta, svo sem Samband isl. sveitarfélaga. Nefndin hafði samband við framkvæmdastjóra Sambands isl. sveitarfélaga og kom fram hjá honum að sambandið hefur engar athugasemdir við frumvarpið að gera eins og það nú liggur fyrir.

Við 1. umræðu um frumvarpið kom fram ábending um hvort ekki væri rétt að binda í lögum, að allsherjarmanntal skuli einnig fara fram í byrjun árs 1991, eða lögfesta með öðrum hætti að allsherjarmanntal skuli hér fara fram á 10 ára fresti. Að athuguðu máli þótti nefndinni ekki ástæða til að binda slíkt í lögum, enda kunna forsendur og aðstæður eftir áratug að vera með þeim hætti að öðrum aðferðum verði beitt við manntal en nú er. Þó er rétt að hér komi fram, að það er skoðun nefndarinnar að manntal skuli taka við upphaf hvers áratugs og sé eðlilegt að um það séu sett lög hverju sinni.

Sú breytingartillaga, sem nefndin flytur á þingskjali 171 við 9. gr. frumvarpsins, er til þess ætluð að gera það ótvírætt að viðurkenndir rannsóknaraðilar og opinberar stofnanir hafi aðgang að manntalsupplýsingum, án nafna og auðkennisnúmera einstaklinga.

Alþingi, 27. nóv. 1980.

Eiður Guðnason,  
form., frsm.

Stefán Jónsson.

Ey. Kon. Jónsson,  
fundaskr.

Jón Helgason.

Stefán Guðmundsson.

Salome Porkelsdóttir.

Egill Jónsson.